

## Fundargerð

### 5. fundar Hafnarnefndar Djúpavogshrepps kjörtímabilið 2018-2022

Fundur var haldinn í Hafnarnefnd Djúpavogshrepps að Bakka 1, Djúpavogi, miðvikudaginn 16. október 2019 kl. 11:00. Fundinn sátu Eiður Ragnarsson formaður, Sigurjón Stefánsson, Stefán Guðmundsson hafnarvörður og Gauti Jóhannesson sveitar- og hafnarstjóri. Ævar Orri Eðvaldsson boðaði forföll.

Einnig mætti á fundin Fannar Gíslason frá Vegagerðinni.

Formaður ritaði fundargerð og stjórnaði fundi.

Dagskrá var eftirfarandi:

1. Viðhald og framkvæmdir við Djúpavogshöfn
2. Ný hafnarvog við Djúpavogshöfn

- 
1. Viðhald og nýframkvæmdir við Djúpavogshöfn.  
Fannar Gíslason frá Vegagerðinni sat þennan lið fundarinn.  
Farið yfir viðhaldspörf á stálþili og nauðsynlegar endurbætur á löndunarbyggju við Djúpavogshöfn. Einnig farið yfir nauðsynlegar viðbætur og breytingar á viðlegukönntum og möguleika á stækkun.  
Ekki er gert ráð fyrir þessum framkvæmdum á samgönguáætlun nema að hluta og því ljóst að nauðsynlegt er að fara fram á frekari framlög til að tryggja eðlilegt viðhald og nauðsynlega stækkun í ljósi aukinna umsvifa við höfnina.  
Hafnarstjóra falið að fylgja málinu eftir
  2. Hafnarvog.  
Komin er tími á endurnýjun á hafnarvog við Djúpavogshöfn, en sú sem nú er komin töluvert til ára sinna og komið á hana umtalsvert viðhald.  
Fyrir liggur tilboð í nýja hafnarvog og vísar Hafnarnefnd málinu til fjárhagsáætlunargerðar.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 11:50

Eiður Ragnarsson fundarritari.